



## *Ilmur af jólum*

Hvað eru jól nema gleði,  
Tilhlökkun, friður á jörð.  
Jólasveinn, hreindýr og sleði  
Standa öll jólanna vörð.

Drögum öll jólaandann nú.  
Blásum svo frá okkur von.  
Hann vildi á milli byggja brú  
Og til þess færð okkur son.

Sameinumst fjölskyld´ og gleymum  
Hversdagsins amstri í dag.  
Við elskum, við erum, við dreymum  
Um allt sem er okkur í hag.

Drögum öll jólaandann nú.....

Ilmur af kertum og greni,  
Gef´ okkur jólanna þrótt.  
Til að hrista burt þreytun´ og slenið  
Fyrir heilaga jólanótt.

Stöndum öll saman jólum á.  
Sameinumst öll sem eitt.  
Höldumst í hendur stór og smá  
Því heimi getum við breytt.

